

**Sp.**

**732. Nefndarálit**

**[3. mál]**

um till. til pál. um sölu ríkisbanka.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um till. til pál. um sölu ríkisbanka og leggur minni hl. nefndarinnar til að tillagan verði samþykkt. Af sex umsagnaraðilum tóku ekki nema tveir afstöðu til tillögunnar. Hræðsla flestra umsagnaraðila við að taka afstöðu og þær skoðanir, sem birtast í sumum umsagnanna, sýna að aðilar gera sér grein fyrir að hér er verið að hreyfa við grunni stjórnkerfis okkar og aðaltækisins í stjórn (óstjórn) íslenskra efnahagsmála síðastliðin 50 ár. Atburðir undanfarinna mánaða sýna nauðsyn þessa máls og að hagsmunum hverra er vegið.

Eitt gleggsta dæmið um pólitíska spillingu þess kerfis, sem við nú búum við, er það offors og ofurkapp sem formaður Sjálfstæðisflokksins hefur lagt á að tiltekinn þingmaður flokksins, sem enga reynslu hefur af bankastörfum svo vitað sé, yrði bankastjóri. Þau ummæli, sem formaður Sjálfstæðisflokksins leyfir sér að viðhafa vegna ráðningar bankastjóra Búnaðarbankans, báru þess vitni að formaðurinn treysti síður heiðarlegu starfsfólki bankans til að gæta þeirra hagsmuna sem hann telur mikilvægasta. Þetta síðasta þjóðþrífamál Sjálfstæðisflokksins hefur nú verið farsællega leitt til lykta með því að fyrrverandi þingmaður flokksins, og núverandi tengdafaðir formannsins, hefur staðið upp úr sínum bankastjórastól í Útvegsbanka Íslands og bjargað þannig hagsmunum flokks og formanns. Þessir atburðir sýna að sú fullyrðing stendur óhöggðu að núverandi skipan bankakerfisins þjónar fremur hagsmunum flokkanna en fólksins og því leggur minni hl. til að þingsályktunin verði samþykkt.

Alþingi, 3. maí 1984.

Stefán Benediktsson.